



Efnisyfirlit

Verkefni innanlands	5
Skjólíð – Opið hús fyrir konur	19
Fræðsla og málsvaustarf	21
Verkefni á alþjóðavettvangi	23
Fjármál	31
Hlutverk, skipulag, stjórn og starfsfólk	33
Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar	34





Inngangur

Þakklæti er mér ofarlega í huga er ég lít til baka yfir starfsár Hjálparstarfs kirkjunnar 2021-2022.

Þakklæti fyrir að fá að taka þátt í fjölbreyttu og öflugu starfi á Íslandi og á alþjóðavettvangi.

Þakklæti fyrir að hafa þrætt fyrir heimsfaraldur getað haldið starfseminni gangandi í gegnum allar takmarkanir. Þakklæti fyrir frábæra samstarfsaðila og mikinn stuðning og hvatningu frá einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, stofnunum og stjórnvöldum.

Þakklæti til utanríkisráðuneytisins fyrir að sýna okkur það traust að gera við okkur þriggja ára rammasamning um þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð (2022-2024) en við höfum stefnt að slíkum samningi í mörg ár. Þakklæti til félags- og vinnumálaráðuneytisins og fleiri ráðuneyta sem hafa styrkt starfi á Íslandi með myndarlegum hætti.

Þakklæti til barna í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar sem gengu í hús og söfnuðu fyrir vatnsverkefni í Afríku. Þakklæti til þjóðkirkjunnar sem veitir myndarlegan styrk til reksturs skrifstofu Hjálparstarfsins og fjármagnar að mestu Skjólið, opið hús fyrir þær systur okkar sem eru einna verst settar í okkar samfélagi, vin þar sem þeim er mætt með kærleika og umhyggju. Sannarlega starf sem er mikilvægt fyrir þær.

Starf Hjálparstarfsins er líka mikilvægt fyrir munaðarlaus börn í Lyantonde- og Rakaihéruðum í Úganda sem fá húsaskjól og vatnstank sem tryggir vatn og fyrir ungmenni í fátæktarhverfum í Kampala höfuðborg Úganda, sem fá m.a. starfsmenntun sem bætir stöðu þeirra og afkomu.

Starfið er mikilvægt fyrir fólkið í Kebri Beyahhéraði í Eþíópíu sem fær bætt aðgengi að vatni og það er mikilvægt fyrir konurnar sem þar taka þátt í námskeiðum um fjármál og rekstur og fá í

kjölfarið örlán til að hefja rekstur smáfyrirtækis. Bætt afkoma kvennanna bætir líka hag barna þeirra og þar með samfélagsins alls.

Starfið er mikilvægt fyrir þá sem hafa fengið mannúðaraðstoð vegna stríðsins í Úkraínu og Afganistan og vegna stríðsins og þurrkanna í Eþíópíu.

Starfið er mikilvægt fyrir ungmennin á Íslandi sem fengu stuðning til að klára starfsnám og komust í vel launað starf, mikilvægt fyrir konur sem hafa rofið einangrun sína, aukið virkni og komist á betri stað með því að taka þátt í Stattu með sjálfri þér, tveggja ára verkefni undir stjórn félagsráðgjafa Hjálparstarfsins. Starfið er líka mikilvægt fyrir einstæðu móðurina sem fékk inneignarkort Hjálparstarfsins fyrir matvöru til að komast yfir erfiðan hjalla þegar endar náðu ekki saman.

Svona gæti ég lengi talið en þú verður bara að lesa áfram í þessari starfsskýrslu til að fá meiri upplýsingar um mikilvæg, fjölbreytt og lífsbjargandi verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar.

Fyrst og fremst takk til þín sem hefur tekið þátt í söfnunum okkar, stutt okkur reglulega með því að gerast Hjalparliði eða stutt okkur og hvatt á annan hátt.

Þess vegna heldur starfið áfram.

Bjarni Gíslason,
framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar



Verkefni innanlands

Starfsár Hjálparstarfs kirkjunnar er frá 1. júlí til 30. júní ár hvert og allar upplýsingar um starfið miðast við starfsárið en ekki almanaksár. Síðustu þrjú starfsár hefur kórónuveirufaraldurinn haft mikil áhrif á ytra umhverfi verkefna Hjálparstarfsins á Íslandi og þar með umtalsverð áhrif á starfið sjálft.

Þó svo að kórónuveirufaraldurinn sé nú í rénun þá voru áhrif hans á íslenskt samfélag enn til staðar á starfsárinu 2021 – 2022. Skrifstofa Hjálparstarfsins var til að mynda að mestu lokið vegna sóttvarna í janúar 2022 en fólk var þá boðið að sækja um neyðaraðstoð á vefsíðu Hjálparstarfsins og ráðgjöf fór að mestu fram símleiðis. Valdeflingarverkefni lágu hins vegar niðri í janúar.

Neyðaraðstoð vegna fátæktar

Neyðaraðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar felst fyrst og fremst í því að fólk sem býr við kröpp kjör fær inneignarkort fyrir matvöru en einnig er veitt aðstoð vegna kaupa á lyfjum og foreldrar barna og unglinga fá aðstoð svo börnin verði síður útsett fyrir félagslegri einangrun sökum efnaleysis. Á starfsárinu dró Hjálparstarfið hins vegar úr almennti fataúthlutun.

Faglegt mat félagsráðgjafa Hjálparstarfsins liggur til grundvallar þegar ákvörðun um efnislegan stuðning er tekin. Umsækjendur eru að öllu jöfnu beðnir um að mæta til viðtals við félagsráðgjafa með gögn um tekjur og útgjöld frá síðustu mánaðamótum og aðstoð er veitt þegar kaupmáttur ráðstöfunartekna er undir viðmiði Hjálparstarfsins um lágmarksfjárhæð til framfærslu.

Í kórónuveirufaraldri fjölgaði umsækjendum og aðstoðarbeiðnum töluvert en þeim fækkaði aftur á starfsárinu 2021 – 2022. Starfsárið 2019 – 2020 fjölgaði umsækjendum um efnislega aðstoð þannig um 16,2% og fjölda skipta sem umsækjendur leituðu eftir aðstoð um 20,3% miðað við starfsárið 2018 – 2019.

Umsækjendum jafnt sem aðstoðarbeiðnum frá hverjum og einum fór þó fyrst að fjölga eftir að kórónuveirusmit var greint á Íslandi á síðasta degi febrúarmánaðar árið 2020. Frá því í byrjun apríl 2020 og fram til marsmánaðar árið 2021 fjölgaði umsóknum um inneignarkort fyrir matvöru þannig um 40% miðað við sama tímabil áður en heimsfaraldurinn skall á.

Starfsárið 2020 – 2021 fækkaði umsækjendum í heild aðeins lítillega eða um 1,3% og aðstoðarbeiðnum um 2,8% miðað við starfsárið 2019 – 2020. Starfsárið 2021 – 2022 fækkaði umsækjendum hins vegar um 8% og umsóknarskiptum um 16% frá starfsárinu á undan. Fjöldi umsækjenda og aðstoðarbeiðna, 2175 fjölskyldur í 3936 skipti, var þá orðinn sambærilegur við starfsárin 2016 – 2019 eða áður en kórónuveirufaraldurinn skall á.

Helstu skýringar á fækkun umsækjenda og aðstoðarbeiðna eru líklega að fólk sem varð atvinnulaust í heimsfaraldri fékk vinnu á ný enda fór atvinnuleysi úr 12,8% í janúar 2021, í 6,2% í lok júní sama ár og í 3,3% í lok júní árið 2022.

Þegar rýnt er í tölfærðigögn Hjálparstarfsins sést að 9,3% umsækjenda höfðu framfærslu af atvinnuleysisbótum starfsárið 2020 – 2021 en 8,3% starfsárið 2021 – 2022. Þess ber þó að geta að upplýsingar vantaði um framfærslugrunn 31,2% umsækjenda 2020 – 2021 og hjá 11,7% umsækjenda starfsárið 2021 – 2022.

Flestir sem leituðu til Hjálparstarfsins eða 67,9% leituðu aðstoðar í aðeins eitt skipti á starfsárinu 2021 – 2022. Flestir eða 31,4% voru á aldrinum 30 – 39 ára, konur voru 70,3% umsækjenda og flestir eða 43% umsækjenda voru einstæðir lögheimilisforeldrar. Flestir eða 31,9% höfðu framfærslu af örorkulífeyri, 51,9% bjuggu í leiguíbúð eða leiguherbergi á almennum markaði og 65,8% bjuggu á höfuðborgarsvæðinu. Af þeim 2175 fjölskyldum sem leituðu aðstoðar voru 423 eða 65% með íslenskt ríkisfang.

Athyglisvert er þó að þeim sem leituðu til Hjálparstarfsins um efnislega aðstoð fjórum sinnum eða oftar fjölgaði um 31,9% á milli starfsára eða úr 213 fjölskyldum starfsárið 2020 – 2021, í 281 fjölskyldu starfsárið 2021 – 2022. Sú staðreynd bendir til þess að aðstæður fólksins sem er í mestum fjárhags- og félagslegum vanda í íslensku samfélagi hafi versnað.

Þegar rýnt er í gögn um aðstæður fólksins sem leitaði aðstoðar í fjögur skipti eða oftar á starfsárinu 2021 – 2022 kemur í ljós að flest þeirra eða 34,5,4% voru á aldrinum 30 – 39 ára, konur voru 72% umsækjenda og flestir eða 52,3% voru einstæðir lögheimilisforeldrar. Flestir eða 41% höfðu framfærslu af fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, þá bjuggu 63% í leiguíbúð eða leiguherbergi á almennum markaði

og 92,2% bjuggu á höfuðborgarsvæðinu. Tvö hundruð áttatíu og ein fjölskylda leitaði aðstoðar fjórum sinnum eða oftar á starfsárinu og voru 146 eða 52% þeirra með erlent ríkisfang.

Það virðist því sem svo að einstæðir lögheimilisforeldrar og barnafjölskyldur á aldrinum 30 – 39 ára, fólk sem hefur framfærslu af fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, fólk sem býr í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði á höfuðborgarsvæðinu og fólk sem er með íslenskt jafnt sem erlent ríkisfang sé verst stætt í íslensku samfélagi.


Undir lok starfsárs þegar ársverðbólga mældist 8,8% og húsaleiga, bensín og matarkarfan höfðu hækkað verulega í verði urðu félagsráðgjafar Hjálparstarfsins varir við auknar áhyggjur og reiði hjá fólkinu sem til þeirra leitaði og ljóst er að ríki og sveitarfélög þurfa að bæta félagslega þjónustu við fólkið sem höllustum fæti standur.

Neyðaraðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar 2021 - 2022


Á næstu síðum er yfirlit yfir þá efnislegu aðstoð sem Hjálparstarf kirkjunnar veitti á starfsárinu 2021 – 2022. Upplýsingarnar eru unnar upp úr skráningarkerfi sem félagsráðgjafarnir nota í starfi sínu og var tekið í notkun um vor 2020. Upplýsingarnar eru ekki tæmandi en yfirlitið veitir góða innsýn í eðli og umfang aðstoðar sem veitt var og stöðu þeirra sem aðstoðar leituðu. Við vinnslu gagna var hugað að persónuvernd.



Fjöldi umsækjenda og fjöldi skipta sem fólk leitaði eftir efnislegri aðstoð hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Breyting milli starfsára



Tegund afgreiðslu um efnislega aðstoð starfsárið 2021-2022




* Umsókn um aðstoð er hafnað þegar ráðstöfunartekjur umsækjanda eru hærri en viðmið um lágmarksfjárhæð til framfærslu.


** Í upphafi skólaárs 2021 naut 81 foreldri yfir 200 grunnskólabarna aðstoðar.

*** Á starfsárinu nutu foreldrar 51 barns og unglings aðstoðar svo þau gætu stundað íþróttir, listnám og tómstundastarf með jafnöldrum.


Aldursdreifing umsækjenda og fjöldi umsókna innan hvers aldurshóps starfsárið 2021 - 2022




Kyn umsækjenda um efnislega aðstoð



Þjóðerni umsækjenda



Fjölskyldugerð umsækjenda




* Þess ber að geta að í skráningarkerfi Hjúlpstarfsins eru einstæðir foreldrar barna sem eiga lögheimili annars staðar skráðir sem einstaklingar.


Þjóðerni umsækjenda annað en íslenskt starfsárið 2021-2022

 Pólland.....139	 Albanía 5	 Jemen..... 2	 Hondúras..... 1
 Óskráð118	 Kenía 5	 Króatía 2	 Indland..... 1
 Sýrland.....57	 Makedónía..... 5	 Namibía 2	 Kasakstan..... 1
 Írak..... 45	 Pakistan 5	 Súdan 2	 Kirgistan..... 1
 Afganistan..... 44	 Egyptaland4	 Tékkland 2	 Kúveit 1
 Venesúela.....38	 Kólobía.....4	 Tyrkland 2	 Mið-Afríkulyðveldið..... 1
 Nígería 31	 Spánn.....4	 Vietnam 2	 Nepal..... 1
 Íran.....27	 Srí Lanka4	 Bandaríkin..... 1	 Perú 1
 Marokkó27	 Taíland4	 Búlgaría 1	 Senegal..... 1
 Rúmenía22	 Úkraína.....4	 El Salvador 1	 Serbía..... 1
 Palestína 20	 Líbía.....3	 England 1	 Simbabve 1
 Litáen17	 Úganda.....3	 Eþíópía.....1	 Singapúr..... 1
 Lettland 13	 Þýskaland 3	 Gínea 1	 Slóvakía 1
 Filippseyjar..... 11	 Alsír 2	 Gínea-Bissá..... 1	 Suður-Afríka 1
 Níger.....9	 Austur Kongó 2	 Grikkland 1	 Svíþjóð..... 1
 Sómalía.....8	 Bretland..... 2	 Grænhöfðaeyjar..... 1	 Tadsíkistan..... 1
 Gana 7	 Danmörk 2	 Grænland 1	
 Portúgal..... 6	 Dóminíska lýðveldið..... 2	 Haítí 1	
 Rússland 6	 Ítalía..... 2	 Holland 1	


Húsnæðiskostur umsækjenda um efnislega aðstoð starfsárið 2021-2022




Búsetusvæði umsækjenda



Höfuðborgarsvæðið



Framfærslugrunnur umsækjenda um efnislega aðstoð



Inneignarkort fyrir matvöru

Neyðaraðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar felst fyrst og fremst í því að fólk fær inneignarkort í matvöruverslunum en mikil valdefling felst í því að fólk versli sjálft þær nauðsynjar sem það þarf í stað þess að bíða í röð eftir matarpoka sem aðrir hafa fyllt.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins ákveða upphæðina sem lögð er inn á inneignarkortið og hversu oft umsækjandi fær inneign á kortið á ákveðnu tímabili. Ef umsækjandi hefur þörf fyrir áframhaldandi aðstoð að tímabilinu liðnu býðst honum að koma aftur með uppfærð gögn um tekjur og útgjöld.

Á starfsárinu 2021 – 2022 breytti Hjálparstarfið í tvígang viðmiði sínu um lágmarksfjárhæð til framfærslu vegna verðhækkana og hækkaði um leið viðmiðunarupphæðir á inneignarkortum fyrir matvöru. Aðstoð sem veitt var tók eftir sem áður mið af fjölskyldugerð og aðstæðum hvers og eins.

Á starfsárinu 2021 - 2022 fengu 1931 fjölskylda inneignarkort fyrir matvöru í samtals 3087 skipti, þar af í 1570 skipti í aðdraganda jóla en til samanburðar fengu 2116 fjölskyldur inneignarkort í samtals 3657 skipti á starfsárinu 2020 – 2021, þar af í 1707 skipti í desember.

Þannig fækkaði þeim sem fengu inneignarkort fyrir matvöru á starfsárinu 2021 – 2022 um 8,8% miðað við árið á undan en umsóknarskiptum um inneignarkort fækkaði um 15,6%. Mestu munar þar um fækkun milli ára í desember. Má leiða líkur að því að efnahagslegra áhrifa kórónuveirufaraldursins hafi í minna mæli gætt á fyrir jól 2021 en fyrir jól 2020.

Aðstoð við lyfjakaup

Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar fólk í félagslegri neyð með því að hafa milligöngu um lyfjakaup vegna slysa eða veikinda. Ekki er unnt að veita aðstoð eftir að lyf eru keypt og aðstoð er ekki veitt við kaup á lyfjum sem eru á lista Lyfjastofnunar yfir ávana- og fíknilyf. Á starfsárinu 2021 – 2022 nutu 275 einstaklingar um land allt aðstoðar við lyfjakaup í 415 skipti en það er 101 skipti færri en á starfsárinu 2020 – 2021.

Notaður fatnaður

Fatamiðstöð Hjálparstarfs kirkjunnar þar sem fólk gat sótt sér vel með farinn fatnað án endurgjalds var lokað í nokkurn tíma á starfsárinu 2021 – 2022 vegna sóttvarna í kórónuveirufaraldri. Á starfsárinu fengu þó 93 fjölskyldur notaðan fatnað hjá Hjálparstarfinu í samtals 106 skipti. Til samanburðar sótti fólk sér fatnað hjá Hjálparstarfinu í 253 skipti starfsárið 2020 – 2021 og í 438 skipti starfsárið 2019 – 2020.

Á starfsárinu var ákveðið að takmarka mjög móttöku fatnaðar og húsbúnaðar frá almenningi og að breyta fyrirkomulagi á fataúthlutun á þann veg að framvegis yrði eingöngu tekið við vetrarfatnaði sem yrði aðallega til úthlutunar í upphafi skólaárs. Látið var af vikulegri fataúthlutun á þriðjudagsmorgnum með aðstoð sjálfboðaliða en félagsráðgjafar aðstoða áfram fólk í sárri neyð.

Jólaaðstoð

Hjálparstarf kirkjunnar leggur ríka áherslu á að aðstoða fjölskyldufólk sem býr við kröpp kjör fyrir jólin svo það geti gert sér dagamun yfir hátíðirnar. Aðstoðin tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og fremst í formi inneignarkorta fyrir matvöru en fólk í brýnni þörf fær einnig vel með farinn sparifatnað eða inneignarkort fyrir fatnaði.

Barnafjölskyldur fá aðgöngumiða í leikhús og / eða bíó og inneignarkort hjá vinsælum veitingastöðum meðal barna og unglunga. Foreldrar njóta einnig aðstoðar svo börnin geti fengið jólagjafir sem þau hafa sett á óskalistann.

Alls fengu fjölskyldur um land allt inneignarkort og fleira í 1570 skipti fyrir jól 2021 samanborið við 1707 skipti á fyrra starfsári. Aðstoðin var veitt í góðu samstarfi við Hjálpræðisherinn, Mæðrastyrksnefndir, Rauða krossinn og kirkjusóknir víðs vegar um landið. Þá er ótalið ómetanlegt vinnuframlag sjálfboðaliða Hjálparstarfsins í desember.

Aðstoð við börn og unglina

Foreldrar grunnskólabarna sem búa við kröpp kjör hafa mörg undanfarin ár leitað stuðnings hjá Hjálparstarfi kirkjunnar við að útbúa börnin í skólann. Sveitarfélögin í landinu útvega nú skólagögn án endurgjalds og hefur aðstoð Hjálparstarfsins tekið breytingum samkvæmt því. Stuðningurinn á starfsárinu fólst í því að aðstoða barnafjölskyldur sem höfðu ekki efni á að kaupa skólatöskur, hlýjan vetrarfatnað, íþróttavörur og fleira sem til féll í upphafi skólaárs og yfir veturinn.

Samtals fékk 81 foreldri fleiri en 200 grunnskólabarna fyrir þau skólatöskur, ritföng og nestisbox í upphafi skólaárs haustið 2021 og foreldrar 51 barns og unglings yngri en átján ára fengu styrk á síðasta starfsári til þess að þau gætu stundað íþróttir, listnám og tekið þátt í tómstundastarfi með jafnöldrum sínum.

Á starfsárinu fengu auk þess 130 börn og foreldrar þeirra árskort í húsdýragarðinn.

Framtíðarsjóður er sérstakur sjóður Hjálparstarfs kirkjunnar sem notaður er til að styrkja ungmenni til náms sem gefur þeim réttindi til starfs eða veitir þeim aðgang að lánshæfu námi. Sjóðurinn hefur verið til frá árinu 2006 en markmiðið með styrkveitingu úr honum er að rjúfa vítahring stuttrar skólagöngu, lágra launa og fátæktar. Á starfsárinu nutu 60 ungmenni styrks úr sjóðnum til greiðslu skólagjalda og fyrir bóka- og efniskostnaði í 15 framhaldsskólum í sjö sveitarfélögum.

Ráðgjöf

Einstaklingsmiðuð nálgun og notendastýrð þjónusta eru lykilverkfæri félagsráðgjafa Hjálparstarfs kirkjunnar sem leggja höfuðáherslu á að hlusta á og ræða við einstaklingana sem til þeirra leita og vinna með þeim á forsendum þeirra sjálfra. Félagsráðgjafarnir benda jafnframt á úrræði í samfélaginu sem kunna að gagnast fólki við að takast á við erfiðar aðstæður.

Á starfsárinu veittu félagsráðgjafar Hjálparstarfsins fólki af 73 mismunandi þjóðernum ráðgjöf og efnislegan stuðning. Þjónustan var þung í vöfum vegna tungumálaörðuleika umsækjenda af erlendu þjóðerni og þekkingarleysi þeirra á íslensku samfélaginu. Því var mikil þörf fyrir ráðgjöf og leiðsögn um félagsþjónustu sveitarfélaga og um réttindi og skyldur fólks í mismunandi aðstæðum.

Valdefling og aukin virkni fólks í félagslegri neyð

Efnislegur stuðningur er nauðsynlegur til þess að svara brýnni þörf fólks í félagslegri neyð en til þess að fólk komist út úr vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar þarf að takast á við aðstæður á heildrænan hátt.

Með það að markmiði að stuðla að aukinni virkni fólks í félagslegri neyð skipuleggja félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar reglulega sjálfstyrkingarnámskeið og hópastarfi í samráði við þá sem leita aðstoðar hjá stofnuninni.

Á starfsárinu 2021 – 2022 gætti áhrifa kórónuveirufaraldursins enn að einhverju leyti. Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins urðu þannig varir við að nokkur tími leið þar til þátttakendur mættu aftur í skipulögð valdeflingarverkefni jafnvel þó samkomutakmarkanir stjórnvalda væru ekki lengur í gildi.

Taupokar með tilgang

Verkefnið Taupokar með tilgang er fyrir konur úr hópi innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda og eru útsettar fyrir félagslegri einangrun. Konurnar endurvinnna efni sem almenningur hefur gefið og læra að sauma úr því fjölnota innkaupatöskur, grænmetisþoka, dúka, skiptiteppi fyrir börn o.fl..

Í lok sauma borða konurnar svo saman hádegismat og kynnast betur en þær koma víða að og hafa ólíkan bakgrunn. Verkefnið stuðlar þannig að aukinni virkni kvennanna og félagsskap þeirra í milli um leið og konurnar vinna að umhverfisvernd.

Verkefnið er unnið í samvinnu við Hjálpræðisherinn og var upphaflega einu sinni í viku en vegna mikillar eftirspurnar og vegna samkomutakmarkana í heimsfaraldri var ákveðið að skipta hópnum í tvennt. Félagsráðgjafi Hjálparstarfsins hefur haft umsjón með mánudagshópnum en Hjálpræðisherinn í Reykjavík hefur séð um samveruna á fimmtudögum. Á starfsárinu 2021 – 2022 mættu að meðaltali 20 konur og börn þeirra í hvert skipti.

Stattu með sjálfri þér – virkni til farsældar

Stattu með sjálfri þér – Virkni til farsældar er heiti á verkefni með konum sem búa við örorku og eru með börn á framfæri en stór hópur kvenna í þeirri stöðu hefur í mörg undanfarin ár leitað til Hjálparstarfs kirkjunnar um efnislega aðstoð.

Einstæðar mæður sem búa við örorku hafa lýst stöðu sinni svo fyrir félagsráðgjöfum Hjálparstarfsins að fá úrræði standi þeim til boða og að þannig minnki virkni þeirra enn frekar. Minni virkni auki vanlíðan og félagslega einangrun og að með tímanum verði erfitt að ná sér upp úr þeim víthring.

Markmið með valdeflingarverkefninu Statu með sjálfri þér – virkni til farsældar er þríþætt: Að konurnar fái svigrúm til að bæta sjálfsmynd sína og auka trú á eigin getu; að þær geti styrkt félagslegt tengslanet sitt og komið í veg fyrir félagslega einangrun; að þær fái tækifæri til að eflast í foreldrahlutverkinu.

Fjórtán konur luku þátttöku í verkefninu sem hófst í september 2020 og lauk í maí 2022. Í upphafi verkefnisins, sem var konunum að kostnaðarlausu, bauð félagsráðgjafi Hjálparstarfsins hverjum þátttakanda fyrir sig í viðtal þar sem konurnar settu sér markmið út frá áhugasviði og styrkleikum.

Á verkefnistímanum mættu konurnar svo reglulega í einkaviðtöl þar sem félagsráðgjafinn hjálpaði þeim við að koma auga á lausnir á erfiðum úrlausnarefnum og í sameiningu var farið yfir hvernig miðaði að settu marki. Félagsráðgjafi mætti með konunum á fundi þegar þess var óskað, til að mynda hjá barnavernd og félagsþjónustu.

Auk viðtalstíma hjá félagsráðgjafa hittust þátttakendur á fræðslufundum á fimmtudagsmorgnum yfir vetrartímann. Félagsráðgjafi Hjálparstarfsins hafði umsjón með fundunum en dagskrá þeirra var ákveðin í samráði við konurnar sjálfar.

Á starfsárinu 2021 – 2022 voru fræðsluerindi meðal annars haldin um núvitund, um réttindi öryrkja og um áhrif svefnis og svefnleysins á heilsu auk umfjöllunar um meðferðir við svefnvanda. Fjármálaráðgjafi hélt námskeið og bauð upp á einstaklingsráðgjöf vegna skuldavanda. Fjallað var um seiglu, streitu og meðvirkni og boðið var upp á jóga. Kórónuveirufaraldurinn hafði smávægileg áhrif á framvindu verkefnisins en fresta varð fræðsluerindum í janúar.

Í lok verkefnisins í maí 2022 var könnun lögð fyrir þátttakendur um árangur þess og áhrif á líf þeirra og líðan. Meðal svara kvennanna voru að þeim liði mun betur, að þær hefðu lært nýjar leiðir til að nálgast börnin sín, að þær væru virkari, að þeim tækist betur að setja mörk og að þær stæðu betur með sjálfum sér. Þá höfðu sumar þeirra komið fjármálum í lag og nokkrar höfðu hafið eða höfðu áform um að hefja nám.

Hjálparstarfið hefur notið ómetanlegs stuðnings velferðarráðuneytisins, síðar félags- og vinnumálaráðuneytisins, VIRK-starfsendurhæfingarsjóðs, Lýðheilsusjóðs og Soroptimista til þessa viðamikla valdeflingarverkefnis en þrír hópar kvenna hafa nú tekið þátt í sambærilegu verkefni frá árinu 2016. Fjórtíu hópurinn mun svo hefja þátttöku í nýju verkefni valdeflingarverkefni til tveggja ára í september 2022.

Sumarfrí á eigin vegum

Þegar fólk hefur lítið á milli handanna fara tekjurnar fyrst og fremst í að greiða fyrir húsnæði og að tryggja að matur sé á borðum fyrir börnin. Margar af þeim barnafjölskyldum sem leita til Hjálparstarfsins hafa ekki efni á því að fara í sumarfrí og geta því ekki safnað dýrmætum minningum sem börn vilja gjarnan deila með bekkjarfélögum að hausti.

Sumarið 2020 þegar landsmenn fengu ferðagjöf frá stjórnvöldum til að ferðast innanlands ákvað Hjálparstarf kirkjunnar að aðstoða barnafjölskyldur sem búa við kröpp kjör við að komast í sumarfrí að eigin vali. Verkefnið heppnaðist afar vel en alls fór þá 21 fjölskylda, foreldrar og samtals 45 börn, í sumarfrí innanlands með aðstoð Hjálparstarfsins.

Sumarið 2021 fengu 33 fjölskyldur, foreldrar og samtals 77 börn, stuðning við að komast í frí að eigin vali og sumarið 2022 fóru 24 fjölskyldur, 31 fullorðnir og 50 börn, í sumarbústað í Skorradal á vegum Hjálparstarfsins og fengu eldsneyti á bílinn til að komast í bústaðinn. Auk þess fengu fjölskyldurnar inneignarkort fyrir matvöru og Hjálparstarfið greiddi fyrir afþreyingu eins og reiðtúr, hellaskoðun eða sundferð.

Ræktaðu garðinn þinn

Sumarið 2022 hófu sex fjölskyldur þátttöku í hópastarfi á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar sem ber heitið Ræktaðu garðinn þinn. Þátttakendurnir fengu pláss í Seljagarði í Breiðholti til að rækta sitt eigið grænmeti en gildi verkefnisins felst ekki síst í útveru, hreyfingu og gæðasamverustundum fjölskyldnanna sem í því tóku þátt.



Þóra Hinriksdóttir garðyrkjufræðinemi leiðbeindi þátttakendum en í Seljagarði er frábær aðstaða og gott samfélag. Þar er hægt að rækta salat, kryddjurtir, kartöflur, gulrætur, rabarbara og fleira.

Borðum saman

Frá því í mars 2017 hafa Hjálparstarf kirkjunnar og samfélag Ahmadiyya-múslíma á Íslandi boðið fólki sem býr við verulegan skort upp á kvöldmat og notalega stund í safnaðarheimili Grensáskirkju tvö miðvikudagskvöld í mánuði. Frá heimsfaraldri hefur þetta verkefni að mestu legið niðri.

Sumarið 2022 mættu fulltrúar safnaðarins hins vegar fjórum sinnum og elduðu hádegisverð í Skjólinu – opnu húsi Hjálparstarfsins fyrir konur sem búa við heimilisleysi.

Sumarið 2022 elduðu Catherine Alaguiry og Mansoor Malik frá samfélagi Ahmadiyya-múslíma á Íslandi dýrindis máltíð fyrir konurnar í Skjólinu.

Skjólíð – Opið hús fyrir konur

Skjólíð er opið hús Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir konur sem búa við heimilisleysi, eru nýkomnar í búsetuúrræði eftir heimilisleysi eða búa við ótryggar aðstæður.

Skjólíð er til húsa við hlið skrifstofu Hjálparstarfsins á neðri hæð Grensáskirkju og er opið klukkan 10 – 15 virka daga. Í Skjólinu geta konurnar sinnt grunnþörfum sínum fyrir hvíld, næringu og persónulegt hreinlæti auk þess sem starfskonur og sjálfbóðaliðar eru til staðar og sinna þörfum kvennanna fyrir samveru og nánd.

Umsjónarkona Skjólísins starfar í 100% starfshlutfalli og ber ábyrgð á faglegu starfi þess. Auk hennar eru í Skjólinu tvær starfskonur í hlutastarfi en að starfinu koma einnig djáknar þjóðkirkjunnar.

Þjóðkirkjan fjármagnar að mestu rekstur Skjólísins sem var formlega opnað þann 25. febrúar 2021. Á starfsárinu 2021 – 2022 komu þangað 67 konur í samtals 1402 skipti en 80% kvennanna heimsóttu Skjólíð reglulega til lengri eða skemmri tíma.

Að meðaltali heimsóttu sex konur Skjólíð á hverjum virkum degi á starfsárinu 2021 – 2022 en heimsóknirnar voru mismargar eftir mánuðum. Ekki leið sá virki dagur að engin kona nýtti sér þjónustu Skjólísins en flestar voru þær 11 á einum degi. Á starfsárinu náðu heimsóknir hámarki að hausti en fækkaði í febrúar, mars og apríl. Konunum og heimsóknum þeirra fjölgaði svo aftur með vorinu.

Opinber meðferðarúrræði eru fleiri á veturna en á sumrin en aðrar mögulegar skýringar á færri heimsóknum í febrúar, mars og apríl eru að konurnar hafi átt auðveldara með að finna sér skjól þótt það hafi verið ótryggt og að þær hafi veigrað sér við að fara út í vond veður.

Ástæðurnar fyrir því að heimsóknum fjölgaði aftur að vori geta aftur á móti verið að konurnar hafi frekar treyst sér frekar til að fara út, gistimöguleikum hafi fækkað vegna aukins fjölda ferðamanna eða að þær hafi frekar gist í tjöldum, eða legið úti, og að þær hafi síður komist í meðferðarúrræði vegna sumarfría starfsfólks á meðferðarheimilum.


Aðeins ein kona af þeim 67 sem heimsóttu Skjólíð á starfsárinu var með lögheimili annars staðar en á Íslandi. Tólf kvennanna voru með erlent ríkisfang. Flestar þeirra, eða fjórar, voru frá Póllandi. Konurnar með erlent ríkisfang komu einnig frá Alsír, Marokkó, Portúgal, Sómalíu, Sýrlandi, Írak, Noregi og Bandaríkjunum.

Alls voru 76 % kvennanna með lögheimili í Reykjavík, 11 % þeirra með lögheimili annars staðar á höfuðborgarsvæðinu (Kópavogi, Hafnarfirði, Mosfellsbæ) en 13 % á landsbyggðinni (Akureyri, Hvammstanga, Reykjanesbæ, Selfossi, Skagaströnd, Stykkishólmi, Vestmannaeyjum).


Við fyrstu heimsókn í Skjólíð voru 75 % kvennanna skráðar heimilislausar en húsnæðiskostur þeirra breyttist oft hratt. Kona sem leitaði að neyðarnæturgistingu í Konukoti svaf nokkrar nætur í ótryggum aðstæðum, á gistiheimili þegar hún hafði efni á því eða í tjaldi þegar veður leyfði. Hún gæti einnig hafa fengið úthlutað íbúð hjá Félagsbústöðum eða fundið sér íbúð á almennum leigumarkaði, stundum staldraði hún við en oft hafði hún ekki tæk á að halda heimili og var innan skamms orðin heimilisláus aftur. Flestar kvennanna bjuggu því við langvarandi eða ítrekað heimilisleysi.

Á starfsárinu 2021 – 2022 voru konurnar sem heimsóttu Skjólíð á aldrinum 18 – 71 árs en flestar þeirra, eða 60%, voru á aldrinum 26 – 45 ára. Allar bjuggu þær við flókin og mikinn vanda, áfallasögu og höfðu misst tækin á tilverunni.

Fjöldi heimsókna eftir mánuðum



Aldur kvenna sem heimsóttu Skjólíð á starfsárinu



Starfskonur mættu konunum þar sem þær voru staddar hverju sinni með skaðaminnkandi hugmyndafræði að leiðarljósi enda meginmarkmiðið með starfsemi Skjólísins að draga úr þeim skaða sem aðstæður kvennanna geta valdið þeim.

Á fyrsta heila starfsári Skjólísins efldu starfskonur tengsl sín við fagaðila sem vinna að málefnum heimilislausra en eitt af markmiðum Skjólísins er að gera konum sem búa við heimilisleysi auðveldara að sækja sér heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Á starfsárinu hittu konurnar félagsráðgjafa sveitarfélaga í Skjólinu og gerði sú þjónusta að verkum að þær nýttu sér þjónustu ráðgjafanna betur.

Starfsemi Skjólísins hefur einnig auðveldað starf Vettvangs- og ráðgjafarteymis Reykjavíkurborgar að miklu leyti þar sem Skjólíð er öruggur staður fyrir konurnar að vera á yfir daginn og þar sem hægt er að ná til þeirra.

Í Skjólinu veitti Frú Ragnheiður mikilvæga skaðaminnkandi leiðsögn fyrir konurnar og var tengiliður við heilbrigðisþjónustuna en einnig þjónustaði hjúkrunarfræðingur úr heimaþjónustu Reykjavíkurborgar konurnar reglulega.

Í Skjólinu hittu konurnar einnig hitt fagaðila eins og lögreglu, lögfræðinga, fulltrúa BARKA samtakanna sem aðstoða utangarðsfólk af erlendum uppruna og fleiri.

Skjólíð hefur þannig sýnt og sannað að það er úrræði sem bætir hag heimilislausra kvenna en helstu áskoranir í starfi hafa verið takmarkaður opnunartími yfir daginn og að aðeins er opið á virkum dögum enda hafa konurnar sagst kvíða helgunum þegar Skjólíð er lokað og þá sérstaklega þegar kólnar í veðri.

Fræðsla og málsvarastarf

Fræðsla

Margt smátt... og rafrænt fréttabréf til Hjálparliða

Á starfsárinu 2021 – 2022 var Margt smátt..., fréttablað Hjálparstarfs kirkjunnar, í fyrsta skiptið gefið út á stafrænu formi eingöngu en það var birt á stafræna vettvanginum issuu.com í ágúst, í upphafi aðventu og í dymbilviku. Vefblaðið var auglýst á öllum helstu vefmiðlum landsins en það auðveldaði mælingar á lestri þess.

Ákvörðunin um að gefa fréttablaðið út á stafrænu formi eingöngu var tekin í ljósi minnkandi lesturs almenningis á prentmiðlum og til að minnka kostnað við útgáfu ásamt því að huga að umhverfisvernd.

Í öllum þremur tölublöðunum sem einnig lifa áfram í pdfformi á vefsíðu Hjálparstarfsins var sagt frá fjölbreyttum verkefnum Hjálparstarfsins og lesendur hvattir til að leggja starfinu lið - meðal annars með því að greiða valgreiðslu Hjálparstarfsins í heimabanka.

Hjálparstarfið leggur áherslu á að Hjálparliðar sem styrkja starfið með mánaðarlegu framlagi fái reglulega fréttir af starfinu og sjái þannig hversu mikilvægur stuðningur þeirra er. Hjálparliðar fá því nýjustu fréttir af starfinu í tölvupósti á um það bil tveggja mánaða fresti.

Vefsíða og samfélagsmiðlar

Á starfsárinu var haldið áfram að bæta vefsíðu Hjálparstarfs kirkjunnar, www.hjalparstarfkirkjunnar.is, en síðan gegndi afar mikilvægu hlutverki í heimsfaraldri þar sem fólki í leit að stuðningi var boðið að sækja um aðstoð með umsóknarformi á síðunni. Á starfsárinu var umsóknarformið sett fram á ensku og spænsku ásamt því íslenska.

Á vefsíðunni gefst áhugasömum tækifæri til að skrá sig sem Hjálparliða og styrkja starfið með reglulegum hætti en þar er einnig boðið upp á ýmsar aðrar leiðir til að leggja starfinu lið.

Á Facebook og Instagram segjum við frá verkefnum, viðburðum og ýmsu sem tengist starfinu og hvetjum fólk jafnframt til að leggja starfinu lið. Undir lok starfsárs höfðu 5607 manns líkað við Facebooksíðu Hjálparstarfsins miðað við 5428 manns undir lok starfsársins 2020 – 2021. Skjólið sem opnaði dyr sínar í febrúar 2021 heldur úti sjálfstæðri Facebooksíðu en 737 fylgdust með síðunni undir lok starfsársins.

Fræðsla fyrir fermingarbörn

Fræðslufulltrúi fræddi börn í fermingarfræðslu í sóknum vítt um landið um þróunarsamvinnuverkefni í Eþíópíu og Úganda á haustönn og í mars.

Almenn fræðsluerindi

Framkvæmdastjóri, félagsráðgjafar og fræðslufulltrúi héldu fræðsluerindi fyrir nemendur, félagasamtök og kirkjugesti í yfir 30 skipti á starfsárinu.

Málsvarastarf

Rödd í hefðbundnum miðlum

Fulltrúar Hjalpastarfs kirkjunnar skrifuðu fréttatilkynningar og greinar til birtingar í prent- og vefmiðlum og fóru í viðtal við fjölmiðla starfsárið um kring en þó mest í upphafi skólaárs 2021, í nóvember og desember sem og um vor 2022.

Þátttaka í málþingum

Félagsráðgjafi Hjálparstarfsins og umsjónarkona með starfinu innanlands hélt erindi á málþingi félagsráðgjafafélags Íslands í tvö skipti á starfsárinu 2021 – 2022.

Þátttaka í EAPN á Íslandi

EAPN á Íslandi eru regnhlífasamtök þeirra félaga sem vinna að farsæld fyrir alla hér á landi. Samtökin eiga aðild að evrópska tengslanetinu EAPN (European Anti Poverty Network) sem voru stofnuð árið 1990.



Aðildarfélögin sem standa að samtökunum hérlandis eru Félag einstæðra foreldra, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn, Kærleikspjónusta kirkjunnar, Samhjálp, Sjálfsbjörg, Hagsmunasamtök heimilanna og Öryrkjabandalag Íslands.

Á starfsárinu 2021 – 2022 var Guðný Helena Guðmundsdóttir félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar kosinn formaður samtakanna á Íslandi.

Innan vébanda EAPN á Íslandi starfar Pepp – Ísland, grasrót fólks í fátækt.

Á starfsárinu 2021 – 2022 starfrækti Pepp kaffihús í húsnæði Hjálpræðishersins í Mjódd en alls kom þangað fólk af fjölbreyttum uppruna í 8,662 skipti.

Verkefni á alþjóðavettvangi

Efnahagslegar og félagslegar afleiðingar kórónuveirufaraldursins, vopnuð átök víða um heim og neikvæð áhrif loftslagsbreytinga hafa dýpkað gjána á milli fátækra og ríkra og gert fleiri útstetta fyrir sárafatækt. Þá eru ótalin þau áhrif sem innrás Rússlandshers í Úkraínu hafa haft og koma til með að hafa á líf fólksins í Úkraínu og á efnahagskerfi heimsins í heild sinni.

Vopnaðar fylkingar hafa háð blóðug stríð í Afganistan, Eþíópíu, Myanmar, Líbanon, Jemen, Sómalíu og fleiri ríkjum og þar hafa átökin, heimsfaraldurinn og neikvæð áhrif loftslagsbreytinga leitt til fæðuskorts og hungursneyðar. Andstaða í mörgum löndum gegn mannréttindum, jafnrétti kynjanna og lýðræði hafa svo gert slæmt ástand þar enn verr.

Í yfirlitsskýrslu UNOCHA frá júlí 2022 kemur fram að sífellt fleiri jarðarbúar þurfi á mannúðaraðstoð að halda. Á aðeins sex mánuðum, eða frá því í desember 2021, hafði þeim fjölgað um 9,9 milljónir eða úr 296 milljónum í 305,9 milljónir manns.

Það er því ljóst að töluvert bakslag hefur orðið í viðleitni mannkyns til að útrýma sárafatækt og líkur á því að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun náist fyrir árið 2030 fara þverrandi. Þörfin fyrir afgerandi aðgerðir sem auka á samhygð og sjálfbærni í heiminum er því brýn sem aldrei fyrr.

Í verkefnum á alþjóðavettvangi starfar Hjálparstarf kirkjunnar með systurstofnunum í Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna – ACT Alliance. Í samtökunum eru nú 137 kirkjutengdar hjálparstofnanir sem starfa í 127 löndum, í þróunarsamvinnu og við að veita mannúðaraðstoð.

Samtök og stofnanir í ACT Alliance verða að fylgja ströngum stöðlum um faglegt hjálparstarf sem er byggt á náungakærleik og á þeirri forsendu að við eigum öll jafnan rétt á því að njóta verndar og að grunnþörfum okkar sé mætt.

Einn af kostum þess að vinna með systurstofnunum í ACT Alliance er að þær eru þegar á vettvangi, þær vinna í grasrótinni, tala tungumálið og þekkja menninguna. Þær eru kunnugar staðhættum. Alveg eins og Hjálparstarf kirkjunnar vinnur hér heima í samfélaginu í samstarfi við presta og þjónustuveitendur ríkis og sveitarfélaga.





Á starfsárinu 2021 – 2022 undirritaði utanríkisráðherra rammasamninga við Hjálparstarf kirkjunnar um stuðning ráðuneytisins við verkefni á sviði mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu til loka árs 2024.

Samkvæmt samningunum leggur utanríkisráðuneytið til framlag sem nemur allt að 95% af kostnaði við skilgreind mannúðarverkefni, samtals 50 milljónir króna árlega, og allt að 80% af kostnaði við skilgreind verkefni í þróunarsamvinnu, þar af 70 milljónir króna árið 2022, 80 milljónir króna árið 2023 og 90 milljónir króna árið 2024.

Rammasamningarnir veita dýrmætan fyrirsjáanleika, auðvelda skipulagningu verkefna og auka viðbragðsflýti þegar neyðarástand skapast.

Mannúðaraðstoð

Hjálparstarf kirkjunnar veitir mannúðaraðstoð í samvinnu við Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins, LWF/DWS og aðrar systurstofnanir og samtök í Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance.

Mannúðaraðstoð er veitt fórnarlömbum vopnaðra átaka og náttúruhamfara, bæði í kjölfar þeirra sem valda skyndilegri neyð, svo sem eldgos og jarðskjálftar, og þeirra sem valda langvarandi neyð fólks, svo sem slendurteknir þurrkar og flóð sem meðal annars má rekja til hamfarahlýnunar jarðar af mannavöldum.

Markmið með mannúðaraðstoð eru að bjarga mannlífum, vernda óbreytta borgara gegn vopnuðum átökum, útvega nauðþurftir og auðvelda fólki afturhvarf til eðlilegra lífshátta. Leitast er við að veita aðstoðina þannig að samfélög sem hafa laskast geti sem allra fyrst staðið á eigin fótum, hafi byggt upp innviði og eftirviðnámsprótt sinn gegn hamförum.

Á starfsárinu 2021 – 2022 varði Hjálparstarf kirkjunnar samtals 88,9 milljónum króna til mannúðaraðstoðar. Þar af sendi Hjálparstarfið 21,2 milljónir króna til hjálparstarfs í Afganistan, 22 milljónir króna til Eþíópíu, 10,7 milljónir króna til Sýrlands og 35 milljónir króna til í Úkraínu.

Til samanburðar sendi Hjálparstarfið rúmlega 21 milljón króna til mannúðaraðstoðar í Eþíópíu á starfsárinu 2020 – 2021 og um 39 milljónir króna til mannúðaraðstoðar í Malaví, Jórdaníu, Sýrlandi og Írak á starfsárinu 2019 – 2020.

Mannúðaraðstoð í Afganistan

Í janúar 2022 sendi Hjálparstarf kirkjunnar 21,2 milljónir króna til mannúðaraðstoðar í Afganistan. Framlagið var að meðtöldum 20 milljónum króna styrki utanríkisráðuneytisins og rann það til verkefna Christian Aid, systurstofnunar Hjálparstarfsins í Alþjóðlegu hjálparstarf kirkna, ACT Alliance.

Eftir að hafa verið frá völdum í 20 ár komust Talibanar aftur til valda í Afganistan þegar bandarískt herlið yfirgaf landið í ágúst 2021. Segja má að um leið hafi hafist hnignun og afturför í landinu ekki hvað síst hvað varðar mannréttindi og stöðu kvenna.

Afganska þjóðin stendur nú frammi fyrir mikilli neyð en samkvæmt skýrslu Sameinuðu þjóðanna frá 2021 fengu þá 95% þjóðarinnar ekki nóg að borða. Fyrir valdatöku talibana var efnahagsstaðan í landinu mjög slæm vegna þurrka og afleiðinga kórónuveirufaraldursins en eftir valdatökuna hefur sárafátækt farið hratt vaxandi og mikill skortur er á matvælum.

Alþjóðastofnanir segja mjög mikilvægt að viðhalda flæði fjármagns og mannúðaraðstoðar til Afganistan til að vernda það sem unnist hefur í þróunarstarfi undanfarna áratugi og til að koma í veg fyrir algjört hrun í landinu.

Markmið með verkefni Christian Aid eru fyrst og fremst að tryggja fólki sem býr við sárustu fátæktina aukið fæðuöryggi, húsaskjól og aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu. Áætlað er að verkefnið nái til samtals 63 þúsund einstaklinga fram til loka árs 2022.

Mannúðaraðstoð í Eþíópíu

Vopnuð átök sem hófust í nóvember 2020 standa enn yfir milli frelsishreyfingar Tigray (Tigray People's Liberation Front-TPLF) og stjórnarhers Eþíópíu. Talið er að tugir þúsunda almennra borgara hafi látið lífið í átökunum sjálfum og að um þrjú hundruð þúsund manns hafi dáið úr hungri eða vegna skorts á læknisþjónustu enda eru skólar, heilsustofnanir og vatnskerfi í rúst.

TPLF ræður að mestu ríkjum innan Tigrayfylkis en Eþíópíuher hefur hrakið vopnaða hreyfinguna að mestu til baka frá nágrannafylkinu Amhara og að einhverju leyti frá Afar. Eþíópísk stjórnvöld hafa eingangrað Tigrayfylki nær

algjörlega og því er aðgangur hjálparsamtaka mjög takmarkaður og aðstoð sem berst er langt frá því að mæta þeirri miklu þörf sem þar er fyrir hendi.

Á fyrra starfsári, 2020 – 2021, sendi Hjálparstarf kirkjunnar rúmlega 21 milljón króna til mannúðaraðstoðar Hjálparstarfs Lútherska heimssambandsins innan Tigrayfylkis. Aðstoðin fólst þá fyrst og fremst í því að vernda líf og afkomu fólks, bæta fæðuöryggi með því að útvega korn og verkfæri til landbúnaðar, úthluta búfé, tryggja fólki húsaskjól og veita beinan óskilyrtan fjárstuðning.

Í febrúar 2022 sendi Hjálparstarf kirkjunnar svo 22 milljónir króna til mannúðaraðstoðar í Amhara, nágrennafylki Tigray, en Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins (LWF) sér um framkvæmdina. Markmið með verkefninu er að bregðast við alvarlegum fæðuskorti á svæðinu vegna átaka, þurrka og uppskerubrests.

Prettán hundruð fjölskyldur fá mánaðarlega í þrjá mánuði 15 kg af hveiti, 1,5 kg af strengjabauunum, 0,5 lítra af matarolíu og 6,5 kg af næringarríku kornblöndu. Með aðstoðinni er þess vænst að fólkið geti þraukað þar til uppskera fæst á haustmánuðum.

Fólkið sem aðstoðarinnar nýtur hefur sumt hvert þurft að yfirgefa heimili sín vegna átakanna. Það býr við afar ótryggar aðstæður og líður skort á helstu nauðsynjum. Hjálparstarf LWF leggur sitt af mörkum svo fólkið geti verið öruggt þar sem það er og snúið heim þegar aðstæður lagast. Utanríkisráðuneytið veitti 20 milljón króna styrk til verkefnisins.

Í maí 2022 fóru framkvæmdastjóri og fræðslufulltrúi í vettvangsferð til Eþíópíu í fyrsta sinn síðan árið 2019 eða áður en kórónuveirufaraldurinn skall á. Í ferðinni urðu fulltrúar Hjálparstarfsins meðal annars vitni að góðri skipulagningu við dreifingu hjálpargagna í Amharafylki.

Mannúðaraðstoð í Sýrlandi

Í júlí 2021 sendi Hjálparstarf kirkjunnar um 10.7 milljóna króna fjárframlag til mannúðaraðstoðar í Sýrlandi. Átök höfðu þá geisað í landinu í rúman áratug en kórónuveirufaraldurinn enn aukið á sára neyð fólksins þar.



Að mati Sameinuðu þjóðanna þurftu um ellefu milljónir íbúa á aðstoð að halda og rann fjárframlagið til verkefna Hjálparstarfs Lútherska heimssambandsins sem leggur áherslu á að vernda líf og heilsu íbúanna og að veita börnum jafnt sem fullorðnum sálfélagslegan stuðning. Áhersla er lögð á að hlúa að börnum, eldra fólki og sjúklingum og að aðstoða fjölskyldur við að koma undir sig fótunum á ný. Áætluð er að verkefninu ljúki í desember 2022.

Framlagið var að meðtöldum stuðningi utanríkisráðuneytisins sem veitti Hjálparstarfi kirkjunnar styrk að upphæð tíu milljónir króna. Frá árinu 2014 hefur Hjálparstarf kirkjunnar, með stuðningi ráðuneytisins, sent fjárframlag til mannúðaraðstoðar við stríðshrjáða Sýrlendinga sem nemur rúmlega 118 milljónum króna.

Mannúðaraðstoð í Úkraínu og nágrannalöndum

Í kjölfar innrásar Rússlandshers í Úkraínu þann 24. febrúar 2022 sendi ACT Alliance út neyðarkall um fjárframlag svo hægt væri að sinna viðamiklu hjálparstarfi sem fram undan var bæði í Úkraínu og í nágrannaríkjunum Ungverjalandi, Rúmeníu, Póllandi og Slóvakíu.

Systurstofnanir Hjálparstarfsins í ACT Alliance hafa starfað á svæðinu um langt skeið og um leið og innrásin var gerð hófu þær að veita fólkinu viðeigandi aðstoð, bæði í landinu sjálfu og flóttafólki í nágrannalöndunum.

Í byrjun apríl sendi Hjálparstarfið samtals 35 milljóna króna framlag frá Íslandi, 15 milljóna króna framlag frá fyrirtækjum, einstaklingum og sóknum þjóðkirkjunnar ásamt 20 milljóna króna styrk frá utanríkisráðuneytinu, til verkefna Hjálparstarfs Lútherska heimssambandsins og systurstofnana á svæðinu.

Aðstoðin felst fyrst og fremst í því að fólkið fær húsaskjól, mat, vatn og hreinlætisaðstöðu en einnig er rík áhersla lögð á sálrænan stuðning og á að tryggja aðgengi fyrir fatlaða að þeirri þjónustu sem veitt er. Bráðabirgðalækniþjónustu hefur verið komið upp og tryggt að fólkið fái lífsnauðsynleg lyf.

Þróunarsamvinna

Í þróunarsamvinnu starfar Hjálparstarf kirkjunnar með staðbundnum hjálparsamtökum og Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins, LWF DWS, í þágu fólks í einna fátækustu samfélögum heims.

Meginmarkmið eru að fólk sem býr við sárafatækt geti séð sér farborða á sjálfbæran hátt en sérstök áhersla er lögð á að tryggja velferð barna. Verndun umhverfisins og valdefling, og þá kvenna sérstaklega, eru áhersluþættir í verkefnunum sem unnin eru í samvinnu við fólkið sjálft á hverjum stað. Samstarfsaðilar Hjálparstarfsins í þróunarsamvinnu þekkja vandann af eigin raun, menninguna og tungumál á hverjum stað. Þeir eru á staðnum eftir að verkefnum lýkur og geta metið árangur þeirra.

Á starfsárinu 2021 – 2022 varði Hjálparstarfið 82,1 milljón króna til þróunarsamvinnu í Eþíópíu, á Indlandi og í Úganda en til samanburðar varði Hjálparstarf kirkjunnar 87,9 milljónum króna til sömu verkefna á starfsárinu 2020 – 2021. Utanríkisráðuneytið veitti styrki fyrir 80% af kostnaði við verkefnið í Eþíópíu og Úganda.

Eþíópía

Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu er með bændafjölskyldum sem búa við sárafatækt í Sómalífylki í austanverðri Eþíópíu en fylkið er þrisvar sinnum stærra en Ísland að flatarmáli. Þar búa nú um fimm og hálf milljón íbúa og eru flestir þeirra Sómalar og íslamstrúar. Miklir þurrkar eru í fylkinu og öfgar í veðurfari.

Í fylkinu verður sífellt meira land að eyðimörk og efni og kunnáttu vantar til að hefta frekara landrof. Vegna langvarandi þurrka falla dýrin úr hor og uppskerubrestur verður æ algengari. Tæki og tól vantar því til að auka skilvirkni í landbúnaði og þurrkþolnar tegundur til ræktunar. Þá eru dýrasjúkdómar tíðir og fólkið vantar bæði bólu efni og getu til að meðhöndla sjúk dýrin. Allt þetta hefur mjög neikvæð áhrif á afkomu fólksins.

Vatnsskorturinn og skortur á námsgögnum bitna mest á konum og stúlkum á svæðinu sem segja að það vanti líka salerni og hreinlætisaðstöðu en fyrst og

fremst tækifæri fyrir stúlkurnar til að komast í skóla. Jafnrétti er ábótavant á svæðinu og konurnar hafa takmörkuð tækifæri til að stunda atvinnurekstur.

Verkefnið hefur verið unnið með Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins, LWF/DWS, í Eþíópíu frá árinu 2007. Fyrst í stað var unnið með sjálfsþurftarþæðum í Jijigahéraði en frá árinu 2018 hefur aðstoðin verið veitt íbúum í héraðinu Kebri Beyah sem er austur af Jijiga.

Í þau 15 ár sem verkefnið hefur varað hafa brunnar verið grafnir og þar sem það hefur ekki verið mögulegt hafa verið grafnar vatnsþrær (birkur) fyrir regnvatn. Stíflur og veggir í árfarvegum hafa verið reist til að halda regnvatni í farvegi og hefta eyðimerkurmyndun, nýjar og þurrkþolnari korntegundir hafa verið kynntar til sögunnar sem og skilvirkari ræktunaraðferðir og betri verkfæri. Dýraliðar hafa verið þjálfaðir til að meðhöndla dýrasjúkdóma og bólusetja búfé.

Konur hafa tekið þátt í sparnaðar- og lánaþópum og fengið fræðslu um það hvernig best sé farið af stað með eigin rekstur. Eftir fræðslu og þjálfun hafa margar kvennanna hafið rekstur og reka litla búð, stunda geita- og hænsnarækt og rækta grænmeti. Konur sem hafa tekið þátt í verkefninu tala um að þær hafi fjárráð og ákvörðunarvald en það var nær óþekkt að konur hefðu slíkt á verkefnasvæðunum áður en samvinnan hófst.

Á starfsárinu 2021 – 2022 nam kostnaður við verkefnið 43,9 milljónum króna.

Meginmarkmið með verkefnisfasa sem hófst í janúar 2021 og lýkur í desember 2024 eru að auka þolgæði samfélagsins og getu þess til að bregðast við hamförum og hamfarahlýnun, að bæta lífsafkomu og fæðuöryggi sjálfsþurftabænda á svæðinu, að bæta aðgengi íbúanna að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu og að stuðla að auknu jafnrétti með valdeflingu kvenna og stúlkna.

Aðstoðin nær með beinum hætti til þeirra 2650 bænda fjölskyldna sem búa við sárustu fátæktina í 10 þorpaskörnum í Kebribeyahéraði þar sem búa samtals um 21.000 fjölskyldur.

Á árinu 2021 náði verkefnið til 1518 fjölskyldna sem fengu þurrkþolin fræ til ræktunar, verkfæri og þjálfun í skilvirkum ræktunaraðferðum. Dýraliðar voru þjálfaðir í að bólusetja dýrin með bóluefni sem keypt var og konur fengu hænsn til ræktunar og þjálfun í hænsnarækt. Bændurnir fengu trjágræðlinga og

vírgirðingar til að binda jarðveginn og fræðslu um nauðsyn landverndar. Þá fengu konurnar þjálfun í að nota sparhlóðir en með þeim þarf minna af sprekum við eldamennskuna.

Á árinu 2021 fengu fjörutíu og átta konur þjálfun í rekstri smáfyrirtækja og hver og ein fékk í framhaldinu 16.500 krónur til að hefja rekstur. Þrjátíu stúlkur fengu námsgögn um nauðsyn umhverfisverndar. Stúlkurnar fræddu í framhaldinu samnemendur sína um málefnið. Tuttugu og tveir leiðtogar í samfélaginu tók þátt í námskeiðum um mikilvægi þess að láta af limlestingum á kynfærum kvenna.

Á árinu 2021 grófu íbúar í tveimur þorpaskörnum fyrir 600 m³ vatnsþrómm sem sjá fólkinu fyrir vatni langt inn í þurrkatímann. Tuttugu fjölskyldur grófu fyrir útikörmum og fengu verkfæri og efnivið til að byggja þá.

Stærsti verkþáttur í verkefnisfasa til 2024 er að bora eftir vatni með stórvirkum bor. Væntingar standa til þess að dæla upp a.m.k. fimm lítrum vatns á sekúndu þegar borholan verður tekin í notkun og áætlað er að vatnið úr borholunni muni duga 25 þúsund íbúum. Ef vel tekst til getur vatn úr borholunni einnig nýst í neyðaraðstöðu Hjálparstarfs LWF á stærra svæði á neyðartímum.

Á fyrstu sex mánuðum ársins 2022 var áætlað að ljúka 60% af framkvæmdinni við borholuna en vegna eldsneytisskorts, þurrka og tæknilegra vandamála stóðst sú áætlun ekki. Framkvæmdin er í nánú samráði og samvinnu við staðaryfirvöld sem höfðu lagt ríka áherslu á mikilvægi þess að borað yrði eftir vatni þar sem mögulegt er enda nýtist vatn úr borholu miklum fjölda íbúa.

Í maí 2022 fóru framkvæmdastjóri og fræðslufulltrúi Hjálparstarfsins í vettvangsferð til skoða framvindu verkefnisins. Starfsfólk Hjálparstarfs LWF upplýsti þá að eldsneytisskortur, langvarandi þurrkar, engisprettufaraldur og verðbólga sem m.a. er rakin til stríðsins í Úkraínu hefðu haft veruleg áhrif á líf fólksins í Sómalífylki.

Í maí hafði gengi eþíópiska birrsins hríðfallið og verðbólga mældist 37%. Starfsfólk sagði að fylkisstjórnin hefði brugðist við eftir megni og dreift bæði heyi og dýrafóðri til bænda. Svo virðist sem kórónuveirufaraldurinn hafi ekki breiðst út í Eþíópíu í miklum mæli en þegar verst lét dóu 45 manns á dag af völdum COVID 19, flestir í höfuðborginni Addis Ababa.

Indland

Sameinaða indverska kirkjan, United Christian Church of India eða UCCI, hefur starfað í Andhra Pradeshfylki í austurhluta Indlands frá árinu 1968. Frá stofnun hefur UCCI hjálpað fjölskyldum sem tilheyra hópi stéttleysingja í fylkinu og búa við örbirgð. UCCI rekur þar skóla, heimavist og spítala ásamt því að gefa fólkinu mat.

Frá árinu 1989 hafa Hjálparstarf kirkjunnar og Fósturforeldrar stutt starf UCCI með því að greiða kostnað við skóla- og heimavist fyrir börn ásamt því að senda stök framlög til viðhalds bygginga og til starfsemi spítalans.

Síðustu fjögur árin hefur Hjálparstarfið markvisst dregið úr stuðningi við starfið enda markmiðið að það yrði sjálfbært. Starfsárið 2021 – 2022 styrktu Hjálparstarfið og Fósturforeldrar þannig einungis 67 börn og unglunga til náms en auk þess greiddi Hjálparstarfið laun átta kennara við skólann. Alls nam fjárstuðningur við verkefnið um 2,5 milljónum króna á starfsárinu. Eftir langt og farsælt samstarf við UCCI lýkur nú stuðningi Hjálparstarfsins við verkefnið.

Úganda - Aðstoð við barnafjölskyldur sem búa við sára fátækt vegna HIV/alnæmis

Frá árinu 2001 hefur Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðað HIVsmiðnaða, alnæmissjúka, aðstandendur þeirra og eftirlifendur upp til sveita í Úganda. Frá árinu 2016 hefur aðstoðin verið veitt í sveitarfélögunum Rakai og Lyantonde í samstarfi við grasrótarsamtökin Rakai Community Based AIDS Organization, RACOBAA, sem sprottin eru upp úr hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins á svæðinu.

Skjólstæðingar verkefnisins eru fyrst og fremst börn sem misst hafa foreldra sína af völdum alnæmis og búa ein en líka HIVsmiðaðir einstæðir foreldrar og ömmur sem hafa börn á framfæri og búa við sára fátækt.

Áhersla er lögð á að bæta lífsskilyrði fólksins sem býr við nístandi skort með því að reisa múrsteinshús sem eru útbúin grunnhúsbúnaði og eldaskála með hlóðum sem spara eldsneyti. Reistir eru kamrar við hlið húsa, fólkið fær fræðslu um samband hreinlætis og smíðu og hvernig bæta má hreinlætisaðstöðu.

Aðgengi fólksins að hreinu vatni er aukið með því að koma upp 4000 lítra vatnssöfnunartönkum við hlið íbúðarhúsa. Þegar börnin þurfa ekki að

fara eftir vatni um langan veg hafa þau tíma til að sækja skólann. Hættan á kynferðislegri misnotkun minnkar einnig þegar stúlkur þurfa ekki að fara fjarri heimilinu eftir vatni í morgunsárið.

Fólkið fær geitur, verkfæri, fræ og útsæði til grænmetisræktunar, allt í þeim tilgangi að auka fæðuval og möguleika fjölskyldnanna til að afla sér tekna. Með fjölbreyttari fæðu verður heilsa fjölskyldnanna betri og með tekjum aukast líkur á að börnin geti sótt skóla og fengið menntun. Með aukinni menntun minnka líkur á að stúlkur verði gefnar barnungar í hjónaband og eignist börn á unglingsaldri. Með stuðningi er víthringur fátæktar rofinn.

Á starfsárinu 2021 – 2022 sendi Hjálparstarf kirkjunnar 18,8 milljóna króna framlag til verkefnisins en á tímabilinu tókst að framfylgja verkefnisáætlun þrátt fyrir heimsfaraldur. Reist voru átta múrsteinshús, eldaskálar, kamrar og vatnstankar við hlið húsa. Fjölskyldurnar fengu einnig geitur, verkfæri og útsæði til ræktunar og fræðslunámskeið og fundir voru haldin samkvæmt áætlun.

Úganda – Unglingar í fátækrahverfum Kampala fá tækifæri til betra lífs

Í Úganda búa um 47 milljónir íbúa. Nær helmingur þeirra er yngri en 15 ára. Þrátt fyrir að langflestir búi í sveitum landsins og lifi af landbúnaði flykkist fólk í síauknum mæli til höfuðborgarinnar í leit að betra lífi. Þar bíður flestra hins vegar eymdarlíf í fátækrahverfum en um 40% íbúa Kampala búa við sára fátækt.

Atvinnutækifæri í Kampala eru fá og mörg ungmenni skortir menntun og þjálfun til að eiga möguleika á að sækja um störf eða reyna fyrir sér með eigin rekstur. Börn og unglingar í fátækrahverfunum eru því útsett fyrir misnotkun sökum fátæktar og eymdin leiðir til þess að þau verða auðveldlega fíkniefnum að bráð. Neyðin rekur unglingana til að taka þátt í glæpagengjum eða selja líkama sinn til að geta séð sér farborða.

Valdeflingarverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar sem hófst í janúar 2017 er í þágu barna og ungmenna á aldrinum 13 – 24 ára í fátækrahverfum Rubage-, Nakawa- og Makindyeahverfum í höfuðborginni Kampala.

Markmið með verkefninu er að unga fólkið öðlist verkkunnáttu sem eykur atvinnumöguleika þess. Einnig að unglingarnir taki þátt í uppbyggilegum tímstundum og námskeiðum sem styrkja sjálfsmyndina og að þau séu upplýst um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu. Með fræðslu og valdeflingu má koma í veg fyrir að barnungar stúlkur verði þungaðar, hefta útbreiðslu HIV/alnæmis og kynsjúkdóma ásamt því að vinna gegn kynbundnu ofbeldi. Í verkefninu er sérstök áhersla lögð á að ná til stúlkna, ungra kvenna og einstaklinga með fötlun.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins í Úganda og samtökin UYDEL (Ugandan Youth Development Link) sem hafa áratuga reynslu af því að vinna með ungu fólki í fátækrahverfum Kampala. UYDEL er einnig leiðandi í málsvaustarfi fyrir börn og unglinga á landsvísi og yta á aðgerðir gegn mansali og barnaþrælkun í álfunni og á heimsvísu.

Í smiðjum UYDEL geta ungmennin valið sér ýmis svið og öðlast nægilega færni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði svo sem við hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun, saumaskap og sápugetu. Einnig eru á dagskrá dans, leik- og sönglist og íþróttir. Í smiðjunum er jafningjafræðsla veitt um kynheilbrigði og um rétt ungs fólks til heilbrigðisþjónustu. Samhliða fræðslunni fá unglingarnir smokka. Mikið er lagt upp úr því að styrkja sjálfsmynd unglinganna sem koma úr ömurlegum aðstæðum í fátækrahverfunum.

UYDEL aðstoðar unglingana sem koma í smiðjurnar við að komast á starfsmasamning hjá fyrirtækjum í Kampala og í framhaldinu að fá þar vinnu. Einn þáttur í náminu hjá UYDEL er verslunarfræði en mörg þeirra sem ekki fá starf hjá fyrirtæki eftir námið opna eigin búðarbás og selja til dæmis flikur sem þau hafa saumað eða viðgerðarþjónustu.

Verkefnisfasa sem hófst í byrjun árs 2020 lýkur í árslok 2023 en á fjórum árum er áætlað að verkefnið muni ná til 2000 barna og ungmenna. Á starfsárinu 2021 – 2022 sendi Hjálparstarfið 16,3 milljónir króna framlag verkefnisins en á árinu 2021 fengu 612 ungmenni eins árs starfsmenntun og 2167 fengu fræðslu um kynheilbrigði. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2022 voru 468 ungmenni við nám í smiðjunum og 2735 höfðu mætt í fræðslu um kynheilbrigði.

Undir lok starfsársins 2021 – 2022 hafði samkomutakmörkunum vegna kórónuveirufaraldursins verið aflétt að mestu leyti og hafði það jákvæð áhrif á starfið í smiðjunum á þann veg að fleiri ungmenni gátu setið í tímum. Áfram voru ungmennin kvött til að bera sóttvarnargrímur og til þess að fara í bólusetningu.

Samstarf um hjálparstarf á alþjóðavettvangi

Hjálparstarf kirkjunnar sá um rafrænan fund framkvæmdastjóra og deildarstjóra norrænna kirkjutengdra hjálparstofnana í ágúst 2021. Á fundinum fræddi María Mjöll Jónsdóttir, skrifstofustjóri alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins, fundargesti um stefnu Íslands í þróunarsamvinnu og um viðbrögð Íslands við kórónuveirufaraldrinum á heimsvísu.

Í maí 2022 sótti framkvæmdastjóri Hjálparstarfsins fund Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna, ACT Alliance, um stefnumótun í Evrópu (ACT Europe) í Brussel.



Fjármál

Tekjur

Á starfsárinu 2021 – 2022 naut Hjálparstarf kirkjunnar metstuðnings við starfið frá einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, stjórnvöldum og þjóðkirkjunni en alls námu tekjur stofnunarinnar 453,3 milljónum króna en á starfsárinu 2020 – 2021 námu tekjurnar 408,1 milljón króna. Mestu munar um aukið framlag stjórnvalda til verkefna á alþjóðavettvangi, 152,1 milljón á starfsárinu 2021- 2022 miðað við 64,3 milljónir starfsárið á undan.

Hefðbundin fjáröflunarleið Hjálparstarfsins þar sem fólki á aldrinum 30 - 80 ára er send valgreiðsla í heimabanka var farin í haustsöfnun í ágúst og september og í jóla- og páskasöfnun og safnað var með aðstoð barna í fermingarfræðslu í nóvember.

Sífelld fleiri bætast í hóp Hjálparliða sem styðja starfið með mánaðarlegu framlagi. Regluleg framlög frá prestum og sóknum þjóðkirkjunnar sem og tekjur af sölu styrktarlína í fréttablaði Hjálparstarfsins, minningarkorta og gjafabréfa af vefsíðunni gjofsemgefur.is renndu einnig styrkum stoðum undir starfið.

Haustsöfnun - *Ekkert barn útundan!*

Hjálparstarf kirkjunnar safnaði fyrir aðstoð við efnaminni foreldra í upphafi skólaárs 2021 með valgreiðslu í heimabanka um 2.600 króna framlag. Alls söfnuðust níu milljónir króna en haustið 2020 söfnuðust 10,7 milljónir króna.

Jólasöfnun - Hjálpumst að!

Í jólasöfnuninni 2021 var safnað fyrir starfið heima og að heiman undir yfirskriftinni „Hjálpumst að!“. Alls söfnuðust 26,4 milljónir króna en í jólasöfnuninni 2020 söfnuðust 25 milljónir króna.

Páskasöfnun – Neyðaraðstoð við Úkraínu!

Metupphæð safnaðist í páskasöfnun fyrir mannúðaraðstoð í kjölfar innrásar Rússlandshers í Úkraínu. Alls söfnuðust 26 milljónir króna en í páskasöfnun 2020 var safnað fyrir fólki í efnislegri neyð á Íslandi og á alþjóðavettvangi en þá söfnuðust alls 10,9 milljónir króna.

Fjáröflun með aðstoð barna í fermingarfræðslu

Í nóvember 2021 gengu börn í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar í hús með bauk frá Hjálparstarfi kirkjunnar í hönd. Börnin gáfu þannig af tíma sínum til að safna fé til vatnsverkefna Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku. Alls söfnuðu fermingarbörnin 8.164.268 krónum.

Prestar, annað starfsfólk kirkna, foreldrar og síðast en ekki síst börnin sjálf lögðu á sig mikla vinnu við söfnunina og er framlag þeirra ómetanlegt.

Ekki var safnað með formlegum hætti haustið 2020 vegna sóttvarna í heimsfaraldri en haustið 2019 söfnuðu börn í fermingarfræðslu samtals 7.102.351 krónu.

Framlag Hjálparliða

Hjálparliðar styrkja starfið með mánaðarlegu framlagi og gera stofnuninni betur kleift að rétta hjálparhönd þeim sem á þurfa að halda. Hjálparliðar voru 3478 talsins í lok starfsárs 2021-2022 og nam framlag þeirra 72,8 milljónum króna. Í lok starfsárs 2020 – 2021 voru Hjálparliðar 3230 og nam heildarframlag það starfsár 64,9 milljónum króna. (Í starfsskýrslu 2020 – 2021 eru Hjálparliðar sagðir 3311 í lok starfsárs og leiðréttist sú tala hér með).

Gjöf sem gefur

Á gjafabréfasíðunni gjofsemgefur.is er lögð áhersla á að fræða um ólíka verkþætti í verkefnum Hjálparstarfsins, á Íslandi jafns sem á alþjóðavettvangi. Á starfsárinu 2021-2022 keypti fólk gjafabréf fyrir 6,7 milljónir króna sem er sama upphæð og starfsárið á undan.


Styrktarlínur og auglýsingar í fréttablaði

Fyrirtæki, félög og stofnanir lögðu starfinu lið með því að kaupa styrktarlínur og auglýsingar í Mörgu smáu..., fréttablaði Hjálparstarfsins sem kom út þrisvar á starfsárinu 2021-2022. Alls söfnuðust 12,8 milljónir króna með þeim hætti miðað við 14,9 milljónir króna árið áður.


Á starfsárinu 2021 - 2022 var 307,3 millj. kr. varið til eftirfarandi verkefna

Framlög til verkefna og reksturs


Á starfsárinu 2021-2022 varði Hjálparstarf kirkjunnar 394,2 milljónum króna til verkefna og reksturs. Alls var 82,1 milljón króna varið til verkefna í þróunarsamvinnu og 88,9 milljónum króna til mannúðaraðstoðar. Til verkefna innanlands varði Hjálparstarfið 130,4 milljónum króna, þar af 33 milljónum króna til Skjólins. Alls var 5,8 milljónum króna varið til fræðslustarfs.



Á starfsárinu 2021 - 2022 námu tekjur alls 453,3, millj. kr.



Á starfsárinu 2021 - 2022 nam ráðstöfun til verkefna og reksturs samtals 394,2 millj. kr.



Hlutverk, skipulag, stjórn og starfsfólk

Hlutverk

Hjálparstarf kirkjunnar starfrækir mannúðar- og hjálparstarf í nafni þjóðkirkjunnar. Sem kirkjutengd stofnun nýtur Hjálparstarfið þeirrar sérstöðu að byggja á grasrótarstarfi í nærsamfélaginu en meginmarkmiðin eru bætt lífsgæði þeirra sem búa við fátækt og að mannréttindi séu virt. Í starfinu felst þróunarsamvinna og mannúðaraðstoð á alþjóðavettvangi, neyðaraðstoð, félagsleg ráðgjöf og valdeflandi verkefni innanlands, talsmannshlutverk, fræðsla og fjáröflun.

Skipulag

Hjálparstarf kirkjunnar er sjálfseignarstofnun skráð í þjóðskrá og fyrirtækjaskrá hjá Ríkisskattstjóra með rekstrarform félagasamtaka. Starfsár stofnunarinnar er frá 1. júlí – 30. júní ár hvert. Yfirstjórn er í höndum fulltrúaráðs en í það skipar biskup Íslands fimm fulltrúa, lærða og leikna, og prófastsdæmi í landinu einn fulltrúa hvert. Auk þess er hverri kirkjusókn heimilt að tilnefna fulltrúa í ráðið. Fulltrúaráð kys framkvæmdastjórn Hjálparstarfsins og setur henni og endurskoðendum starfsreglur.

Framkvæmdastjórn

Í framkvæmdastjórn Hjálparstarfs kirkjunnar starfsárið 2021 – 2022 voru: Gunnar Sigurðsson, formaður, Hörður Jóhannesson og Salóme Huld Garðarsdóttir. Varamenn í stjórn voru Benedikt Vilhjálmsson og Vigdís Valgerður Pálsdóttir.

Skoðunarmenn reikninga voru Margrét Albertsdóttir og Halldór Kristinn Pedersen.

Starfsfólk

Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri

Áslaug Arndal umsjón með skrifstofu og gjaldkeri

Kristín Ólafsdóttir umsjón með fræðslu og fjáröflun

Mjöll Þórarinsdóttir umsjón með starfi sjálfbæðaliða og bóka

Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi, umsjón með innanlandsstarfi

Guðný Helena Guðmundsdóttir félagsráðgjafi í innanlandsstarfi

Júlía Margrét Rúnarsdóttir félagsráðgjafi í innanlandsstarfi

Rósa Björg Brynjarsdóttir umsjónarkona Skjólsins

Hrönn Hjálmarsdóttir starfskona í Skjólinu

Una Sigrún Ástvaldsdóttir starfskona í Skjólinu



Starfsfólk og stjórn Hjálparstarfs kirkjunnar minnst með hlýhug og söknuði Jónasar Þóris Þórissonar, fyrrum framkvæmdastjóra Hjálparstarfs kirkjunnar, en Jónas Þórir lést á gjörgæsludeild Landspítalans þann 8. ágúst 2021, 77 ára að aldri.

Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar

Sjálfkjörin samkvæmt skipulagsskrá stofnunarinnar

Frú Agnes M. Sigurðardóttir biskup

Skipaðir af kirkjuráði

Gunnar Sigurðsson

Hörður Jóhannesson

Kristín Magnúsdóttir

Pétur Ragnhildarson

Salóme Huld Garðarsdóttir

Varamenn kirkjuráðs

Guðbjörg M. Matthíasdóttir

Jón Kristjánsson

Fulltrúar prófastsdæma

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Halldór Kristinn Pedersen

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

Magnús Ásgeirsson

Vigdís Pálsdóttir

Kjalarnesprófastsdæmi

Margrét Gunnarsdóttir

Sr. Bragi Ingibergsson

Vestfjarðaprófastsdæmi

Helga Friðriksdóttir

Svava Björg Þorsteinsdóttir

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Sr. Bryndís Valbjarnardóttir

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Sr. Guðmundur Guðmundsson

Austurlandsprófastsdæmi

Sr. Dagur Fannar Magnússon

Sr. Þuríður Björg Wium

Suðurprófastsdæmi

Hafsteinn Stefánsson

Örn Arnarson

Fulltrúar prestakalla

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

Árbæjarsókn

Guðbjörg Helgadóttir

Breiðholtssókn

Sophia Kisten Macher

Digranessókn

Margrét Loftsdóttir

Brynja Baldursdóttir

Kársnessókn

Benedikt Vilhjálmsson

Hjallasókn

Ársæll Arnarsson

Andrés Jónsson

Grafarvogssókn

Sigmar Gíslason

Katrín Þorsteinsdóttir

Lindasókn

Heiðdís Karlsdóttir

Fella- og Hólabrekkusókn

Guðrún Jónsdóttir

Guðmundur Hermannsson

Seljasókn

Matthildur Sverrisdóttir

Álfheiður Árnadóttir

Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra**Ássókn**

Oddgeir Þórðarson

Bústaðasókn

Magnús Viðar Skúlason

Dómkirkjusókn

Oddur Björnsson

Grensássókn

Erik Pálsson

M. Linda Helgadóttir

Hallgrímssókn

Guðlaugur Gunnarsson

Háteigssókn

Ingólfur Björnsson

Langholtssókn

Anna Þóra Pálsdóttir

Nessókn

Sveinn Bjarki Tómasson

Seltjarnarnessókn

Margrét Albertsdóttir

Guðmundur Magnússon

Kjalarnesprófastsdæmi**Bessastaðasókn**

Margrét Gunnarsdóttir

Garðasókn

Heiðrún Jensdóttir

Kálfatjarnarsókn

Inga Rut Hlökkversdóttir

Simon Georg Rafnsson

Suðurprófastsdæmi**Selfosssókn**

Vilhjálmur E. Eggertsson

Þórður G. Árnason

Ofanleitissókn

Kolbrún Sól Ingólfssdóttir

Aðalheiður Pétursdóttir

Kirkjubæjarklaustursókn

Elín Anna Valdimarsdóttir

Arndís Jóhannsdóttir

Vesturlandsprófastsdæmi**Akranessókn**

Sigríður Kr. Valdimarsdóttir

Ragnheiður Grímsdóttir

Eyjafjarðarprófastsdæmi**Akureyrarsókn**

Jón Oddgeir Guðmundsson

Þingeyjarprófastsdæmi**Húsavíkursókn**

Guðbergur Rafn Ægisson



Hjálparstarf kirkjunnar hefur á starfsárinu 2021-2022 lagt áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 1, 2, 3, 4, 5, 6, 10 og 17.



Starfsskýrsla Hjálparstarfs kirkjunnar starfsárið 2021-2022.

Ritstjórn: Kristín Ólafsdóttir, upplýsinga- og fræðslufulltrúi.

Hönnun: Birgir Þorsteinn Jóakimsson.

Forsíðumynd: Þorkell Þorkelsson.